



Rekstur rannsóknaverkefna á landsbyggðinni

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir

Aðstaða setranna til rannsókna



Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum

- Starfsemi hófst í nóvember 2007.
- Eitt fast fjármagnað stöðugildi rannsóknasérfræðings.
- Á árunum 2008-2011 að meðaltali 6.7 stöðugildi á ári við rannsóknir – verkefnaráðið starfsfólk, nemar og sjálfboðaliðar.
- Rúmar 52 milljónir í rannsóknastyrki þar af yfir 90% til fiski/sjávarútvegsrannsókna.
- 7 MSc nemar (4 útskrifaðir), 2 PhD nemar og nokkur fjöldi BS nema hafa haft sína meginástöðu við setrið.




- Dæmi um verkefni 2008-2010:

- Ferðamenn á Vestfjörðum 2008-2010.
- Myndupplýsingar í kvíaeldi.
- Ferðaþjónusta tengd haf-og strandsvæðum.
- Áhrif ferðamanna á refi.
- Hvalveiðar á miðöldum.
- Samfélagspróun á landsbyggðinni.
- Neðansjávarfornleifafræði.
- Menntun kvenna á landsbyggðinni.
- Sjóstangaveiði og veiðistjórnun.
- Áhrif búsvæða á stofnaaðskilnað fiska.

Skoðum tvö nánar...

Þorskseiði á uppeldisstöðvum



- Grunn upplýsingar um dreifingu, vöxt og lifun seiða á uppeldisstöðvum.
- Fæðuvistfræði, sérhæfing og samkeppni.
- Áhrif mannsins á seiðastöðvar t.d. eldis, veiða ofl.
- Áhrif hitastigs á atferli, efnaskipti, samkeppni og lifun.
- Grunn upplýsingar um félags og fæðuatferli.
- Þróunarfræðilegar breytingar vegna vals af eða á ofangreinda þætti.



Samstarf innan svæðis: Hafrannsóknastofnunin, Náttúrustofa Vestfjarða, Gunnvör hf. Samstarf utan svæðis: Hólar, Biopol, HÍ, Eawag
Styrkt af: Verkefnasjóði Sjávarútvegsráðuneytisins, AVS, Náttúruverndarsjóði Pálma, Rannsóknasjóði V-Barð., Nýsköpunarsjóði námsmanna.



Fæðuvistfræði

- Bæði magainnihald og stöðugar ^{15}N og ^{13}C samsætur sýna að þorskseiði éta fjölbreyttar fæðuagnir á þessum tíma.
- Skipti úr sviflægri í botnlæga vist virðist eiga sér stað yfir allt haustið.
- Fjölbreytileiki fæðunnar minnkar þegar líður á haustið.



Áhrif sjávarhita



- Niðurstöður benda til að breytt atferli nægi almennt ekki til að bregðast við hættu og aukinni fæðupörf hærra hitastig.
- Hinsvegar eru vísbendingar um einstaklings mun í aðlögun virkni að aðstæðum við hærri hita.
- Í stuttu máli, vísbendingar um að hækking sjávarhita hafi neikvæð skammtímaáhrif en geti líka orðið kveikja að vali á þorsstofninn.



“Cod story”

- Þverfræðilegt rannsóknaverkefni.
- Nota erfða og efnagreiningar á þorskbeinum úr fornleifauppgröftrum til að kortleggja sveiflur í stofnsamsetningu þorsks við Ísland frá landnámi og að nútíma.
- Tengja sveiflur í stofnerfðafræðilegri uppbyggingu og stöðugum efnasamsætum við sveiflur í umhverfisbreytum t.d. sjávarhita.
- Meta áhrif af þessum sveiflum á búsetu í sjávarbyggðum og á efnahag Íslendinga á miðöldum.





- Miklu magni af þorskbeinum safnað úr aldursgreindum mannvistarlögum - frá þekktum verstöðvum af Suðvesturlandi, Snæfellsnesi og Vestfjörðum – allt að landnámi.
- Verstöðvar með þekkt mið, djúpmið, grunnmið.
- Erfðaefni hefur verið einangrað úr hluta beinanna og nú er unnið að erfðagreiningu.
- Fá líkindamat á stofnstærðarsveiflur.
- Kanna hvort sú skipting sem er til staðar í þorskstofninum í nútíma, sem t.d. tengist breiddargráðu og dýpi, hafi verið stöðug.


Ávinningur af rannsóknastarfi fyrir svæðið

- Tenging við atvinnuvegi – niðurstöður nýttar t.d. við uppbyggingu ferðapjónustu, sjávarútvegs.
- Staðbundnar rannsóknir nauðsynleg undirstaða fyrir staðbundna kennslu á háskólastigi.
- Rannsóknanemar – ungt fólk af svæðinu, flæði nema inn á svæðið.
- Aukin þekking - niðurstöður um samfélagsþróun, sögu og náttúruvernd.

Ávinningur af staðsetningu fyrir rannsóknir

- Nýtt umhverfi skapar nýjar hugmyndir og nýja möguleika.
- Vegna smæðar samfélagsins verða til tengingar – bæði innan og utan nærsamfélags – sem annars yrðu sjaldnast til.
- Þverfræðilegar tengingar og nálganir.
- Fjölbreyttari styrkjamöguleikar.
- “Good – will” sem annars væri ekki til staðar.
- Hagkvæmni.

Samantekt



Grundvallaratriði að
viðhalda sveigjanleika
og flæði